



# Lágafellsskóli

Valbók 2016-2017

**Námslýsingar valáfanga fyrir 9. og 10. bekk**

**Yfirlit námslýsinga**

Val aðeins fyrir nemendur 9. bekkjar .....	4
Danska samskipti við útlönd 9. bekkur .....	4
Heimilisfræði 9. bekkur .....	4
Myndmennt 9. bekkur .....	5
Sjálfstyrking - val fyrir stelpur .....	5
Val aðeins fyrir nemendur 10. bekkjar .....	6
Árbók.....	6
Eðlis - og efnafræði/líf - og erfðafræði.....	6
Heimilisfræði 10. bekkur .....	7
Myndmennt 10. bekkur.....	7
Náms- og starfsfræðsla 10. bekkur.....	8
Ökufræði – fornám að ökuþrófi 10. bekkur.....	8
Framhaldsskólaáfangar fyrir nemendur 10. bekkja.....	9
Málsmíði 10. bekkur .....	9
Stærðfræði 103.....	10
Val fyrir nemendur 9. og 10. bekkja.....	11
Bókfærsla.....	11
Bætt líðan.....	11
Danskar kvikmyndir og tölvuverkefni .....	12
Enska - Tónlist og Textar (Music and lyrics) .....	12
Fatasaumur-vélsaumur- hönnun.....	12
Fjármálalæsi .....	14
Félagsfræði.....	14
Fluguhnýtingar .....	15
Form og hlutir- hönnun og sköpun- sjálfbærni .....	15
Forritun grunnur .....	16
Golf .....	17
Google drive, Gmail og Google+ .....	17
Grísk goðafræði .....	18
Heimanám .....	18
Heimspeki.....	19
Hljóð- og vídeóvinnsla .....	19
Íslenskar-glæpasögur .....	20
Íþróttfræði .....	20
Jólaval.....	20
Jafnréttis- og kynjafræði .....	21
Knattspyrnuval.....	21

Kvikmyndir .....	22
Legóval.....	22
Leiklist .....	22
Leirmótun.....	23
Líkamsrækt.....	23
Listir og listasaga.....	23
Listir og sjálfbærni .....	24
Ljósmyndun og stafræn myndvinnsla .....	24
Námstækni .....	25
Núvitund í daglegu lífi og hugleiðsla.....	25
Nýting spjaldtölvu í námi .....	26
Prjón/Hekl – hönnun .....	26
Samfélagsmiðlar í námi.....	27
Skartgripagerð-endurvinnsla .....	28
Skák.....	28
Skólahreysti .....	29
Skrautskrift .....	29
Spænska – byrjendur .....	30
Smíðar .....	30
Snyrting.....	31
Stuttmyndagerð .....	31
Stærðfræði - aðstoð .....	32
Tækjaóðir.....	32
Tölvugrafík.....	32
Tölvuteikning.....	33
Upplýsingamennt .....	33
Útivist.....	34
Vefsíðugerð .....	34
Vinnustaðaval .....	35
Val utan skóla.....	35

---

## Val aðeins fyrir nemendur 9. bekkjar

---

### Danska samskipti við útlönd 9. bekkur

**Tímamagn:** Ein kennslustund á viku allan veturinn

**Lýsing:** Fyrir nemendur með einkunnina 8 eða hærra í dönsku. Nemendur þjálfast í samskiptum við danska jafnaldra og kynnast þannig landi og þjóð. Áfram hald af vali frá því í 9.b. þeir sem voru í valinu halda áfram. Það er hægt að bæta örfáum nemendum við, ef áhugi er á því er best að hafa samband við deildarstjóra, Helenu eða kennara. Stefnt er að ferð til Danmerkur vorið 2019 og að dönsku gestirnir komi hingað á hausti komandi. Leitað verður leiða til að halda kostnaði niðri með styrkjum en fjáröflun nemenda verður í höndum foreldra.

**Markmið:**

☑ Að nemendur öðlist færni í samskiptum við jafnaldra sína og verði þannig öruggari með að tjá sig á erlendu tungumáli.

**Kennsluaðferðir:** Skrifa, tala, skype-samtöl, tölvupóstur

**Námsefni:** Bækur, blöð, netið, tölva.

**Námsmat:** lokið/ólókið

---

### Heimilisfræði 9. bekkur

**Tímamagn:** Þrjár kennslustundir á viku hálfan veturinn.

**Markmið:** Að nemandi

- þjálfist í mismunandi bakstursaðferðum
- geti útbúið mat frá ýmsum löndum
- þjálfist í að útbúa heimilismat og meðlæti
- þjálfist í að þrifa og ganga frá í eldhúsi
- þjálfist í að leggja fallega á borð
- þekki helstu dreifingarleiðir örvera og þann skaða sem þær geta valdið
- þjálfist í að leita að uppskriftum á vefnum/matreiðslubókum og áætli innkaup.

**Kennsluhættir:** Kennsla er eingöngu verkleg

**Námsefni:** Ljósritað námsefni, verkefni frá kennara og uppskriftum af vefnum.

**Námsmat:** Sjálfstæð vinnubrögð, umgengni/frágangur, virkni, samvinna og ástundun.

---

## Myndmennt 9. bekkur

**Tímamagn:** Tvær kennslustundir á viku allan veturinn

**Lýsing:** Nemendur vinna út frá hefðbundinni uppbyggingu á myndlistarnámi, með áherslu á hugmyndavinnu, ítarlega skissugerð, verklega útfærslu og skil. Skissuvinnan er afar mikilvæg og er ætlast til að nemendur skissi reglulega.

Nemendur búa til sína eigin skissubók, merkja hana og skreyta á persónulegan hátt. Nemendur fá vikulega ýmis verkefni sem þau vinna síðan í skissubókina.

### Markmið

Að nemandi:

- læri grunninn í almennri teikningu
- þroski með sér frumkvæði og skapandi hugsun
- þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum
- velti fyrir sér fagurfræði og hugmyndafræði myndlistar
- þjálfist gagnrýna hugsun gagnvart eigin verkum og annarra listamanna

### Kennsluaðferðir:

- Innlögn, kynning og umræður um verkefni dagsins
- Einstaklingskennsla
- Hópvinna
- Vettvangsferðir

**Námsmat:** Metið verður hvernig nemendur hafa tileinkað sér vinnubrögð við útfærslu hugmynda sinna. Einnig mun kennari hafa til hliðsjónar við einkunnargjöf: allar skissur, tilraunir og fullunnin verk. Sömuleiðis þróun og úrvinnslu hugmynda, frumleika, sjálfstæði, tæknilega færni og framfarir.

Verkefni 75% af lokaeinkunn, ástundun 25 % af lokaeinkunn.

---

## Sjálfstyrking - val fyrir stelpur

**Tímamagn:** Ein kennslustund á viku hálfan veturinn

### Lýsing:

- Frætt verður um hvað núvitund er.
- Frætt verður um vakningu núvitundar í nútímasamfélagi.
- Gerðar verða æfingar, bæði í tímum og sem heimavinna til að þjálfa núvitund í daglegu lífi.
- Nemendur læra að kyrra hugann í anda núvitundar.
- Nemendur fá þjálfun í hugleiðslu núvitundar.
- Hugleitt verður í hverjum tíma, bæði leidd hugleiðsla og hugleiðsla þar sem nemendur kyrra hugann sjálfir.

### Markmið:

- Að nemendur kunni og fái þjálfun í hugleiðslu núvitundar.
- Að nemendur geti notað hugleiðslu í sínu daglegu lífi og náí að nota tæknina til að njóta betur líðandi stundar.

**Kennsluaðferðir:**

- Í upphafi kennslustunda verður fræðsla um núvitund og hugleiðslu. Bæði söguleg og praktísk fræðsla.
- Verkleg kennsla í hugleiðslu, nemendur munu hugleiða í hverjum tíma.

**Námsefni:**

- Útbúið af kennara.

**Námsmat:**

- Virkni í tímum og tímasókn.

---

## Val aðeins fyrir nemendur 10. bekkjar

---

### Árbók

**Tímamagn:** Ein kennslustund á viku allan veturinn.

**Lýsing:** Nemendur búa til árbók fyrir útskriftarnemendur úr 10. bekk.

**Markmið:**

- Að búa til veglega útskriftarbók fyrir árganginn.

**Námsmat:** Vinnusemi og ástundun.

---

### Eðlis - og efnafræði/líf - og erfðafræði

**Tímamagn:** Tvær kennslustundir á viku allan veturinn.

**Lýsing:** Áhersla lögð á eðlis- og efnafræði fram á haustönn og líf- og erfðafræði á vorönn. Námið á haustönn er hugsað sem viðbót fyrir áhugasama nemendur um eðlis-og efnavísindi og þá sem vilja dýpka skilning sinn á efninu. Á vorönn verður skilningur nemenda á lífvísindum og líkama mannsins, þróun, vexti og þroska hans dýpkaður. Hentar vel sem undirbúningur fyrir þá nemendur sem hafa áhuga á námi á náttúrufræðibraut í framhaldsskóla.

**Markmið:**

Haustönn: Að nemandi þekki frumeindir, sameindir, frumefni, efnasambönd og efnablöndur, þekki upphaf alheims og kenninguna um Miklahvell.

Vorönn: Að nemandi þekki öll helstu líffæri og líffærakerfi mannsins, þekki þróun mannsins og þroskun hans frá fósturvísi að fullvaxta manni, skilji hvað veldur kynþroska og þekki þær breytingar sem verða á kynþroskaskeiðinu.

**Kennsluaðferðir:** Lögð verður áhersla á verklegar æfingar og athuganir svo nemendur þjálfist í skipulögðum vinnubrögðum og tileinki sér vísindalega hugsun.

**Námsefni:** Efnisheimurinn, kraftar og mismunandi orkuform. Líkami mannsins, Stelpur og strákar, Lífsgildi og ákvarðanir og ýmis ljósrít og myndbönd frá kennara.

**Námsmat:** Verklegar æfingar og skýrslur 30%, bókleg verkefni unnin í tíma 20%, ástundun 30% og vinnubók 20%.

---

## Heimilisfræði 10. bekkur

**Tímamagn:** Þrjár kennslustundir á viku hálfan veturinn.

**Markmið:** Að nemandi

- þjálfist í mismunandi bakstursaðferðum
- geti útbúið mat frá ýmsum löndum
- þjálfist í að útbúa heimilismat og meðlæti
- þjálfist í að þrifa og ganga frá í eldhúsi
- þjálfist í að leggja fallega á borð
- þekki helstu dreifingarleiðir örvera og þann skaða sem þær geta valdið
- þjálfist í að leita að uppskriftum á vefnum/matreiðslubókum og áætli innkaup.

**Kennsluhættir:** Kennsla er eingöngu verkleg

**Námsefni:** Ljósritað námsefni, verkefni frá kennara og uppskriftum af vefnum.

**Námsmat:** Sjálfstæð vinnubrögð, umgengni/frágangur, virkni, samvinna og ástundun.

---

## Myndmennt 10. bekkur

**Tímamagn:** Tvær kennslustundir á viku allan veturinn

**Lýsing:** Nemendur vinna hefðbundna uppbyggingu á myndlistarnámi, með áherslu á hugmyndavinnu, ítarlega skissugerð, verklega útfærslu og skil. Skissuvinnan er afar mikilvæg og er ætlast til að nemendur skissi reglulega í skissubókina.

**Markmið:** Að nemandi

- læri grunninn í almennri teikningu
- þroski með sér frumkvæði og skapandi hugsun
- þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum
- velti fyrir sér fagurfræði og hugmyndafræði myndlistar
- þjálfist gagnrýna hugsun gagnvart eigin verkum og annarra listamanna

**Kennsluaðferðir:**

---

- Innlögn, kynning og umræður um verkefni dagsins
- Einstaklingskennsla
- Hópvinna
- Vettvangsferðir

**Námsmat:** Metið verður hvernig nemendur hafa tileinkað sér vinnubrögð við útfærslu hugmynda sinna. Einnig mun kennari hafa til hliðsjónar við einkunnargjöf: allar skissur, tilraunir og fullunnin verk. Meta þróun og úrvinnslu hugmynda, frumleika, sjálfstæði, tæknilega færni og framfarir. Verkefni 75% af lokaekunn, ástundun 25 % af lokaekunn.

---

## Náms- og starfsfræðsla 10. bekkur

**Tímamagn:** Ein kennslustund á viku hálfan veturinn

**Lýsing:** Þessi valgrein er kjörin fyrir þá sem vilja kynna sér betur hvað er í boði eftir að grunnskólanámi lýkur. Hvort sem um meira nám er að ræða eða starfssvið að loknu námi. Þegar nemendur hafa farið í gegnum náms- og starfsfræðslu ættu þeir að hafa öðlast aukna þekkingu á sjálfum sér og umhverfi sínu og verða betur í stakk búnir til að taka ákvörðun varðandi nám og störf í framtíðinni.

**Markmið:**

- Að nemendur öðlist aukna þekkingu á umhverfi sínu og sjálfum sér sem auðveldar nemendum að taka ákvörðun varðandi val á námi og störfum í framtíðinni.

**Kennsluaðferðir:** Innlögn, verkefnavinna og umræður

**Námsefni:** Stefnan sett eftir Helgu Helgadóttir

**Námsmat:** Öll vinna nemenda er lögð til grundvallar námsmats, þar með talin vinna í kennslustund og verkefni. Verkefnavinna 70% og þátttaka í kennslustund 30%

---

## Ökufræði – fornám að ökuprófi 10. bekkur

**Tímamagn:** Tvær kennslustundir á viku hálfan veturinn

**Lýsing:** Miðað að því að undirbúa nemendur undir ökupróf

**Markmið:** Gera tilvonandi ökumenn

- hæfari að setjast í ökuskólann þegar þar að kemur
- hæfari að meðtaka það sem þar er kennt
- hæfari að byrja ökunám
- hæfari ökumenn
- viðhorfsmótun gagnvart ölvunarakstri
- viðhorfsmótun gagnvart hraðakstri

**Námsgögn:** Bókin „Akstur og umferð“ eftir Arnald Árnason. Farið er í 4.kafla „Vegurinn og umhverfi hans“ og 5. kafla „Í umferðinni“. Farið er yfir umferðarmerki og lauslega í umferðarlög. Horft er á stutt kennslumyndbönd og unnin verkefni.



**Kennsluhættir:** Reynt er að gera námið áhugavert og skemmtilegt með krefjandi verkefnum og stuttum myndbrotum úr umferðinni sem fundin eru á netinu er varða kennsluefnið í bland við alvarleikann sem að baki þessu námi býr. Fulltrúi frá einu tryggingafélagi kemur í heimsókn og talar við nemendur.

**Námsmat:** Ástundun og vinnusemi er metin þannig að nemendur fá lokið / ólokið fyrir áfangann

---

## Framhaldsskólaáfangar fyrir nemendur 10. bekkja

### Málmsmíði 10. bekkur

**Tímamagn:** Þrjár kennslustundir á viku allan veturinn.

**Kennslustaður:** Borgarholtsskóli

#### Lýsing:

- Nemendum kennd notkun almennra handverkfæra
- Nemendum kennd notkun algengra véla við málmsmíði, s.s. suðutækja, rennibekkjja og borvéla
- Nemendur æfðir í meðhöndlun og formun efnis með eða án spóntöku ásamt léttum suðuæfingum. Nemendur æfðir í samsetningum á efnum, með eða án suðu.

Náminu verður skipt í fjóra meginflokka en þeir eru: Blikksmíði, vélfræði, rennismíði og logsuða. Bóklegt námsefni ofangreindra flokka fá nemendur afhent frá kennara eftir því sem við á. Unnið er samkvæmt kennsluáætlun sem afhent er í fyrsta tíma. Nemendur sjá m.a. myndbönd um hvað ber að varast við logsuðu og einnig myndband um mótör.

- Í blikksmíði smíða nemendur verkfærakistu úr áli, kynnast hnoðun og öllum almennum vélum og handverkfærum. Verkfærakistan verður skylduverk, nemendur smíða líka eigulegan smíðahlut. Þeir læra að merkja upp, klippa úr, kynnast vinnuteikningum, útflatningi og beygja efni þannig að úr verður verkfærakista.
- Í málmsuðu fá nemendur tilsögn í logsuðu, kveikingum, lóðningu, rafsuðu og mig-suðu. Nemendur smíða tvö skylduverkefni þ.e. stækkaða mynd af tening og upptakara sem er eftirlíking af hundi. Nemendur hanna sjálfir útlit hundsins eða smíða eftir fyrirmynd, þannig að til verða mismunandi gerðir. Nemendur lóða saman rafmagnsvíra samkvæmt tilsögn og geta t.d. búið til ólympíuhringina.
- Í vélfræði eru þrjú skylduverkefni. Nemendur taka í sundur blöndung, þrífa hann upp og setja saman. Startari eða altenator tekinn í sundur, skoðaður og settur saman og sláttuvélamótör er tekinn í sundur, ventlar slípaðir og sett saman.
- Í rennismíði renna nemendur æfingastykki samkvæmt tilsögn kennara. Þeir læra að slípa rennistál. Nemendur vinna tvö skylduverkefni, kjörnara sem er verkfæri og laxarotara úr messing. Þannig kynnast þeir tveimur af efnunum og mismunandi eiginleikum þeirra.

Áður en nemendur byrja að vinna að verkefnum er farið vandlega í öryggismál. Nemendum er kynntur vinnustaðurinn og það að umgangast vélar, verkfæri og umhverfi þannig að ekki stafi hætta af. Nemendur fá afhent námsefni frá kennara um öryggismál,

sýndar glærur og myndbönd um hvað ber að varast við logsuðu. Þessum þætti námsins lýkur síðan með sérstöku prófi í öryggismálum þar sem nemandi þarf að sýna fram á að hann sé ekki sjálfum sér né öðrum hættulegur. Ef útkoma prófsins er í lagi getur nemandi byrjað að vinna að verkefnum. Þegar nemendur hafa lokið skylduverkefnum þá smíða þeir hlut að eigin vali. Tilgangurinn er að nemendur nýti sér þá þekkingu og færni sem þeir hafa yfir að ráða eftir að hafa farið í gegnum áður nefnda meginflokka námsins. Ef tími vinnst til eiga nemendur kost á að smíða úr eir á seinni önninni. Nemendur geta ef þeir standa sig smíðað aukastykki í þremur af fjórum þáttum (öllum nema vélfræði). Ef nemendur koma síðan í frekar nám fá þeir 2 einingar metnar inn í sinn námsferil.

**Markmið:**

- Að nemendur eigi auðveldara með að velja nám þegar í framhaldsskólann er komið
- Að nemendur kynnist undirstöðubáttum í notkun ýmissa handverkfæra
- Að nemendur kynnist undirstöðubáttum í notkun ýmissa véla
- Að nemendur læri að þekkja og vinna með ýmsar tegundir málma
- Að efla skilning nemenda á vélum og verkfærum svo þeir átti sig á gildi verklegrar kunnáttu í leik og starfi
- Að læra rétt handtök og vinnubrögð þannig að sjálfstraust aukist við að takast á við einföld verkefni
- Að skilningur og færni í verklegum greinum komi nemendum að notum nú eða síðar

Efnisgjald er ákveðið í byrjun annar, áætlað 3000 kr. á önn

**Námsmat:** Verkefni og próf frá Borgarholtsskóla

---

**Stærðfræði 103**

Í boði fyrir nemendur í 10. bekk sem eru með einkunnina 8 eða hærrí úr 9. bekkjar stærðfræði.

**Tímamagn:** 2 stundir á viku, allt árið

**Lýsing:** Námskeiðið er góður auka undirbúningur í stærðfræði fyrir framhaldsskólann.

Í áfanganum er fjallað um veldi, rætur og brotaveldi, grundvallaratriði algebru, jöfnur, hnitakerfi, jöfnu beinnar línu, rúmfræði, hlutföll og hornaföll í rétthyrndum þríhyrningi. Lagður er grunnur að vinnubrögðum í stærðfræði, nákvæmni í framsetningu, röksemdafærslum og lausnum verkefna.

**Markmið:**

Að nemendur:

- geti unnið með bókstafareikning og leyst bæði uppsettar og óuppsettar jöfnur
- náí tókum á hlutfallshugtakinu
- öðlist færni í röksemdafærslu
- þekki nokkur undirstöðuhugtök evklíðskrar rúmfræði
- þekki helstu reglur um einslögung, hlutföll í rétthyrndum þríhyrningi
- geti beitt fjölbreyttum vinnubrögðum við lausn stærðfræðilegra verkefna

**Kennsluaðferðir:** Lögð verður áhersla á að nemendur temji sér sjálfstæð og nákvæm vinnubrögð.

**Námsefni:** Stærðfræði 103 eftir Jón Þorvarðarson.

---

## Val fyrir nemendur 9. og 10. bekkja

---

### Bókfærsla

**Tímamagn:** Tvær kennslustundir á viku hálfan veturinn

**Lýsing:**

Í áfanganum er nemendum gerð grein fyrir tilgangi bókhalds og fjallað um grundvallaratriði bókhalds, dagbókarfærslur og reikningsuppgjör.

**Markmið:**

**Að nemendur:**

- geti fært almennar færslur í dagbók
- þekki hugtökin gjöld, tekjur, eignir og skuldir
- hafi skilning á uppgjöri
- geti sett fram efnahagsreikning og rekstrarreikning

**Kennsluaðferðir:** Lögð er áhersla á að nemendur temji sér vönduð vinnubrögð og nákvæmni.

**Námsefni:** Kennslubók í bókhaldi eftir Sigurjón Gunnarsson og verkefni frá kennara.

---

### Bætt líðan

**Tímamagn:** 2 tímar á viku

**Markmið**

- Opna sjóndeildarhringinn á þeim möguleikum til bættri líðan. Hvaða úrræði er við kvíða, sjálfstrausti og þeim vandamálum sem koma upp í lífinu.

**Kennsluhættir:** Fyrirlestrar, umræður og verkefni

**Námsefni:** Ráð handa kvíðnum krökkum, **með lífið að láni, markmiðasetning og margt fleira**

### Námsmat

---

## Danskar kvikmyndir og tölvuverkefni

**Tímamagn:** 2 stundir á viku

**Markmið:**

- að auka færni nemenda í að: ☒ skilja talað mál ☒
- tjá sig munnlega og skriflega ☒
- lesa sér til á veraldarvefnum og leita upplýsinga ☒
- auka orðaforða nemenda í dönsku.

**Kennsluaðferðir:** horft á danskar kvikmyndir og unnið með þær á mismunandi hátt. Unnið með danskt tungumál í tölvum á fjölbreytilegan hátt, m.a. unnið með ýmis gagnvirk verkefni og leiki á netinu.

**Námsmat:** Virkni og vinnubrögð í kennslustundum.

---

## Enska - Tónlist og Textar (Music and lyrics)

**Tímamagn:** Ein kennslustund á viku hálfan veturinn

**Lýsing:** Skoðaðir verða tónlistartextar út frá sögu, menningu og tíðaranda. Hvað fjalla textarnir um, hvernig tengjast þeir sögunni og hvernig hefur textagerð og tónlist breyst í gegnum árin.

**Markmið:** Að nemendur

- fái innsýn í tónlistarsögu
- öðlist aukinn skilning á textagerð
- auki orðaforða og færni í ensku

**Kennsluaðferðir:** Lögð er áhersla á að þjálfra færniþættina fimm; hlustun, lestur, ritun, talað mál - samskipti og talað mál - frásögn.

**Námsefni:** Blöð frá kennara

**Námsmat:** Þátttaka í tímum, verkefni.

---

## Fatasaumur-vélsaumur- hönnun

**Tímamagn:** Tvær kennslustundir á viku hálfan veturinn

**Lýsing:** Hér verður einblínt á vélsaum. Að nemendur læri að nota og nýta sér fyrri kunnáttu á saumavélar, æfi og þjálfni frekar þann færniþátt og umgengni við saumavélar og geti saumað einfalda flík eða hlut.

---

**Verkefni:** Felast í þjálfun við að hanna og þjálfun við vélsaum, hugmyndavinna, sköpun. Þessi verkefni verða:

- **Sýnishorn:** Nemendur gera nokkur sýnishorn á saumvél í efnisbúta og setja í möppu.
- **Sniðagerð:** Læri að draga upp snið og þekki merkingar á þeim.
- **Hugmyndavinna** á gínublöð.
- **Hugmyndaspjöld**
- Kynna sér 4 mismunandi **hönnuði**, skrá og setja á blað
- **Vélsaumur:** Nemendur velja sér einfalda flík úr sniðblaði eða eftir grunnsniði og læra að breyta eftir eigin óskum.
- Kynnist **sjálfbærni** í textíliðnaði með tilliti til umhverfisvernd.

Mikil áhersla er að nemandi geti unnið **sjálfstætt** og geti beitt fyrri **þekkingu** við vinnu sína. Sýni fram á **frumkvæði** og **skapandi** hugsun og **færni**. Fatahönnun.

Mjög mikilvægt er að nemendur séu nokkuð færir á saumavélar.

Mögulega tískusýning í lok annar.

**Efniskaup:** Nemendur kaupa sjálfir efni í flík sem þeir sauma. Annað leggur kennari til í smærri verkefni.

**Markmið:** Að nemandi:

- geti beitt helstu áhöldum, verkfærum og tækjum sem notuð eru við vinnu af öryggi
- noti orðaförða greinarinnar
- sýni frumkvæði við útfærslu verkefna og verkefnavali
- þjálfist í að hugleiða mismunandi lausnir við útfærslu verkefna
- geri sér grein fyrir að öguð vinnubrögð eru mikilvægur þáttur í allri vinnu
- leggi áherslu á sjálfstæði við vinnu sína á grundvelli fyrri náms
- vinni sjálfstætt að eigin textílverki og beiti áunninni þekkingu í vélsaumi
- læri að taka upp snið úr blöðum og þekki merkingar þeirra
- geti spólað og þrætt saumavél hjálparlaust og unnið sjálfstætt
- hugi að sjálfbærni og tengi það inní tískuheiminn og annan textíliðnað

**Kennsluaðferðir:** Verkefni lögð fyrir hóp og síðan einstaklingskennsla. Áhersla lögð á frumkvæði, hönnun, hugmyndavinnu og vandvirkni. Brýnt er fyrir nemendum að temja sér vönduð vinnubrögð, góðan frágang verkefna og að nemendur noti rétt áhöld við vinnu sína og umgangist þau að alúð.

**Námsmappan:** Í hana er öllu safnað saman sem gert er. Geymir öll gögn.

Hugmyndavinnu, skissur, dagbók, hugmyndaspjöld, tilraunir og annað sem safnast til frá nemanda.

**Kennslugögn:** Vinnuhefti, bækur og blöð, internetið.

**Námsmat:** Verkefni 60%, vinnumappa með sýnishornum, sniðum og hugmyndum 20%, lögð er áhersla á skapandi hugsun, vinnusemi, góðan frágang verkefna, færni, sjálfstæði, 20%. Verkefni metin jafnóðum yfir tímabilið.

## Fjármálalæsi

**Tímamagn:** Ein kennslustund á viku hálfan vetur

**Lýsing:** Skoðaðar verða leiðir til að efla fjármálalæsi hjá nemendum

**Markmið:** að nemendur:  
geri sér grein fyrir kostnaði vegna eigin neyslu  
geti tekið ábyrga afstöðu í eigin fjármálum og neyslu  
verði gagnrýnir neytendur  
verði læs á tilboð og auglýsingar sem hvetja til neyslu  
geri sér grein fyrir og geti gert áætlun um sparnað og útgjöld  
geti sett sér markmið á grundvelli þekkingar á fjármálaumhverfi

**Kennsluaðferðir:** Umræður, athuganir, myndbönd, verkefnavinna (skrifleg og munnleg)

**Námsefni:** Aflatún, námsefni fyrir börn og unglinga í fjármálalæsi, samfélagsábyrgð og nýsköpun ásamt öðru námsefni frá kennara.

**Námsmat:** Vinna og virkni í tíma 50%  
Verkefnaskil 50%

---

## Félagsfræði

**Tímamagn:** Tvær kennslustundir á viku hálfan veturinn

### Námsþættir og markmið

- Félagsfræði, sjónarhorn og aðferðir. Að nemendur öðlist skilning á hvað félagsfræði er og auki vitund sína um ólík sjónarhorn og viðmið.
- Félagsfræðilegar kenningar. Að nemendur fræðist lítillega um nokkrar kenningar og kennismiði félagsfræðinnar.
- Samskipti einstaklinga og hópa með ólíkan menningarlegan bagrunn.
- Frávik og afbrot. Skoðað út frá samfélagslegum þáttum, leitast við að nemendur öðlist skilning á hvað frávik er og hvers vegna litið er á þau sem slík.
- Félagsleg lagskipting, skoða fjölbreytileika samfélagsins.
- Fjölmíðlar, hlutverk þeirra og áhrif á samfélag og einstakling.
- Kynhlutverk, hver eru þau, hvernig hafa þau þróast og áhrif samfélagsins á þau.
- Fordómar

### Námsgögn

Ljósritað efni, veraldarvefurinn, myndbönd o.fl.

### Kennsluhættir

Kennari verður með ákveðna innlögn varðandi einstaka efnisþætti en einnig er lögð áhersla á að nemendur með aðstoð kennara afli sér sjálfir upplýsinga. Nemendur vinna bæði sjálfstætt og í hópum.

### Námsmat

---

Námsmat fer fram í formi símats þar sem metin er vinna og virkni nemenda alla önnina. Einstök verkefni eru metin til einkunnar þar sem notast er bæði við einstaklingsmat og mat á hópavinnu.

Verkefnaskil 70 %, virkni og ástundun (þátttaka, hegðun og mæting) 30%.

### **Dæmi um verkefni sem farið verður í**

Nokkur grunnatriði félagsfræðinnar (mest bóklegt, staðreyndabekking)

Greining tónlistartexta/myndbanda

Verkefni um ólík samfélög, (frumstæð og þróuð)

Rannsókn/verkefni sem nemendur vinna sjálfstætt (innan skólans eða utan) og kynna o.fl.

Verkefni verða unnin á ýmsan hátt, t.d. skriflega, myndrænt, video, ritgerð, power point, bæklingur eða á hvern þann hátt sem nemandi kys sjálfur og kennari samþykkir.

Með fyrirvara um breytingar

---

## **Fluguhnýtingar**

**Tímamagn:** Tvær kennslustundir á viku á hálfan veturinn

**Lýsing:** Nemendur læra að hnýta einfaldar silunga og laxaflugur.

### **Markmið:**

- að nemendur öðlist grunnþekkingu á fluguhnýtingum og geti nýtt sér hana. Þar á meðal hnútar lykkjur o.s.frv.
- að nemendur geti nefnt allar vinsælustu flugur veiðimanna hérlendis.

**Kennsluaðferðir:** Verkleg og sýnileg kennsla.

**Námsefni:** Myndbönd og efni af internetinu.

**Námsmat:** Verkefni nemenda í kennslustunum eru metin ásamt sjálfstæði í vinnubrögðum. Metið er hvort nemendur hafi tileinkað sér grunnatriði fluguhnýtinga. Einnig er metin frumleiki, tæknileg færni og framfarir. Hegðun, mæting og vinnusemi gildir 50%. Verkefni í tímum gilda 50%.

**Athugið að þessu vali fylgir efniskostnaður**

---

## **Form og hlutir- hönnun og sköpun- sjálfbærni**

**Tímamagn:** Tvær kennslustundir á viku hálfan veturinn.

**Lýsing:** Hannaðir hlutir og skoðuð form. Sköpun hluta og forma. Nemendur leiti að sköpunarkraftinum og horfi í hugmyndabankann hjá sjálfum sér. Nemendur kynnist sjálfbærni í textíliðnaði, og hvernig hægt er að tileinka sér það hugtak innan textílmenntar.

**Verkefni í boði: Reynt verður að koma til móts við áhuga nemenda við gerð verkefna. En þessar hugmyndir eru í boði meðal annars:**

- Nemendur skoða **hönnunarsíður** og fræðist um **hönnun**. Geri stutta greinagerð um áhugaverða hönnuði.
- **Töskugerð:** Einföld snið af töskum í boði eða að nemendur hanni sína eigin tösku, búi til fylgihluti. Litla töskur með rennilás og tvöföldu efni.

- **Endurnýting:** Eitt verkefni úr endurnýtingu af notuðum fatnaði eða öðru líni. Nemendur koma með það að heiman. Má gera sér hlut eða flík. Ýmsar bækur til sýnis fyrir það verkefni.
- **Óhefðbundin efniviður** skoðaður. Hvað er hægt að gera úr efnivið sem er óhefðbundin? Búin til og hannaður hlutur.
- **Sjálfbærni hugtakið skoðað samkvæmt námskrá grunnskóla.**
- Ef nemendur vilja þá má skoða að gera verkefni með **útsaumi** og gera sér hlut úr því. T.d. nálapúði, útsaumur sem skreyting á hlut eða flík.
- Reynt verður að fara á einhverjar sýningar tengt námsefni.

**Markmið að nemandi:**

- geti beitt helstu áhöldum, verkfærum og tækjum sem notuð eru við vinnu af öryggi
- noti orðaforða greinarinnar
- sýni frumkvæði við útfærslu verkefna og verkefnavali
- þjálfist í að hugleiða mismunandi lausnir við útfærslu verkefna
- geri sér grein fyrir að öguð vinnubrögð eru mikilvægur þáttur í allri vinnu
- leggi áherslu á sjálfstæði við vinnu sína á grundvelli fyrra náms
- vinni sjálfstætt að eigin textílverki og beiti áunninni þekkingu í vélsaumi
- geti spólað og þrætt saumavél hjálparlaust og unnið nokkuð sjálfstætt
- geri tilraunir með endurnýtingu og vinni með efnisbúta úr notuðum fatnaði og geri sér hlut úr því
- geri tilraunavinnu út frá eigin hugmynd að textílverki, nytjahlut eða flík.
- skoði hvað er sköpun
- að kynna sér hugtakið sjálfbærni í textíliðnaði

**Kennsluhættir:** Verkefni lögð fyrir hóp og síðan einstaklingskennsla. Áhersla lögð á frumkvæði, sköpun, vandvirkni. Brýnt er fyrir nemendum að temja sér vönduð vinnubrögð, góðan frágang verkefna og að nemendur noti rétt áhöld við vinnu sína og umgangist þau að alúð. Samkennsla hjá 9. og 10.bekk.

**Námsmat:** Verkefni 60%, Vinnumappa með sýnishornum og hugmyndum 20%, Ástundum og hegðun 20%. Lögð er áhersla á skapandi hugsun, vinnusemi, frágangur verkefna, færni og sjálfstæði. Verkefni eru metin jafnóðum. Tölueinkunn í lok vorannar.

---

**Forritun grunnur**

**Tímamagn:** Tvær kennslustundir á viku hálfan veturinn

**Lýsing:** Kennð verða undirstöðuatriði nokkurra forritunarmála, s.s. Alice, Scratch, Tynker, Kodu Game Lab, JavaScript, Python.

**Markmið að nemandi:**

- kynnist undirstöðuatriðum forritunar
- kynnist fjölbreyttum forritunarmálum
- þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum
- læri að þekkja helstu hugtök sem tengjast forritun

**Kennsluaðferðir:**

Áhersla verður lögð á eins fjölbreyttar kennsluaðferðir og viðfangsefni hvers tíma leyfir. Þær aðferðir sem helst henta kennslu upplýsingatækni eru:



**Sýnikennsla** - Markmið aðferðarinnar er að nemendur læri ákveðin vinnubrögð eða aðferðir með því að endurtaka það sem var sýnt. Verklegr kennsla og þjálfun.

**Verklegar æfingar** - Markmið aðferðarinnar er að nemendur þjálfí sjálfstæð vinnubrögð, þroski skapandi hugsun, eflí leikni í viðkomandi grein, móti jákvætt viðhorf, gangi vel um, hafi reiðu á hlutunum

**Námsefni:**

Alice, Scratch, Tynker, Kodu Game Lab, JavaScript, Python og verkefni frá kennara

**Námsmat:**

Sjálfstæði/frumkvæði, frágangur, ástundun og virkni.

Nemendur fá einkunn þar sem metin er verkefnavinna, sjálfstæði/frumkvæði, ástundun, vinnusemi og virkni..

Verkefnaskil 80%, sjálfstæði/frumkvæði, ástundun, vinnusemi og virkni 20%.

---

## Golf

Tímamagn: 2 tímar í vikur að jafnaði.

Staðsetning: Golfklúbbur GM, Básar Grafarholt.

Lýsing: Verklegar golfæfingar með undirmarkmiðum. Nemendur munu afreksmenn í íþróttinni frá mörgum sjónarhornum. Farið verður í golfreglurnar þannig að nemendur geti nýtt sér reglubókina til fulls á leikvellingum.

Markmið: Að auka kunnáttu nemenda á golfíþróttinni.

Kennsluáðferðir: Verklegar æfingar, bókleg kennsla.

Námsefni: Útvega af kennara.

Búnaður: Nauðsynlegt er að nemandi eigi búnað og hafi áhuga.

Námsmat: Nemendur verða metnir út frá verkefnum sem þeir skila inn á önninni. Gefið verður fyrir í bókstöfum. Ætlast er til af nemendum að þeir sinni sínum viðfangsefninu af áhuga.

---

## Google drive, Gmail og Google+

**Tímamagn:** Tvær kennslustundir á viku hálfan veturinn

**Lýsing:** Kennt verður á alla möguleikana sem Google drive hefur upp á að bjóða, skjöl, kynningar, töflureikni, eyðublöð og teikningar. Áhersla verður lögð á samvinnu.

**Markmið að nemandi:**

- Nái tökum á að vinna með alla þætti Google drive
  - Þjálfist í samvinnu á neti
  - Þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum
  - læri á pósthforrit Gmail
-

- kynnist samfélagsmiðlinum Google+

**Kennsluaðferðir:**

Áhersla verður lögð á eins fjölbreyttar kennsluaðferðir og viðfangsefni hvers tíma leyfir. Þær aðferðir sem helst henta kennslu upplýsingatækni eru:

**Sýnikennsla** - Markmið aðferðarinnar er að nemendur læri ákveðin vinnubrögð eða aðferðir með því að endurtaka það sem var sýnt. Verklegr kennsla og þjálfun.

**Verklegrar æfingar** - Markmið aðferðarinnar er að nemendur þjálfu sjálfstæð vinnubrögð, þroski skapandi hugsun, efli leikni í viðkomandi grein, móti jákvætt viðhorf, gangi vel um, hafi reiðu á hlutunum

**Námsefni:**

Google drive, Gmail, Google+ og verkefni frá kennara.

**Námsmat:** Sjálfstæði/frumkvæði, frágangur, ástundun og virkni.

Nemendur fá einkunn þar sem metin er verkefnavinna, sjálfstæði/frumkvæði, ástundun, vinnusemi og virkni..

Verkefnaskil 80%, sjálfstæði/frumkvæði, ástundun, vinnusemi og virkni 20%.

---

**Grísk goðafræði**

**Tímamagn:** Tvær kennslustundir á viku hálfan veturinn

**Lýsing:** Við kynnum okkur grísku guðina en byrjum á upphafinu og skoðum/tengjum við norræna goðafræði. Aðaláherslan er hins vegar á persónur grísku goðafræðinnar og áhrif þeirra á nútímann. Við horfum á kvikmyndir sem tengjast þessu efni og vinnum úr sögunum, myndgerum guðina og búum meðal annars til okkar gríska goðaheim.

**Markmið:** Að nemandi kynnist völdum þáttum úr grískri goðafræði. Hvað heita guðirnir og hvert var hlutverk þeirra. Hvernig litu þeir út? Eiga þeir sér hliðstæðu í öðrum trúarbrögðum. Hver eru áhrif þeirra á bókmenntir og kvikmyndir nútímans?

**Kennsluaðferðir:** Bein kennsla, verkefnavinna, samræður, sköpun, einstaklingsvinna og hópavinna/paravinna.

**Námsefni:** Hefti frá kennara, netið, glærur, kvikmyndir.

**Námsmat:** Verkefni, einstaklingsvinna, hópavinna, frágangur.

---

**Heimanám**

**Tímamagn:** Ein kennslustund á viku hálfan veturinn.

**Markmið:**

- Að nemandi geti unnið heimavinnuna sína í skólanum þar sem hann getur fengið aðstoð kennara.

**Námsmat:** Í áfanganum er ekki gefin einkunn heldur er áfanganum annað hvort lokið eða ólokið og er þá farið eftir mætingu, virkni og ástundun nemandans.

---

## Heimspeki

**Tímamagn:** Tvær kennslustundir á viku hálfan veturinn

### Markmið

Meginmarkmið námskeiðsins er að nemendur öðlist skilning á markmiðum og tilgangi þess að stunda heimspekilega rökræðu og verði í lok áfanga færir um að taka þátt í rökræðu um siðferðileg efni af ýmsu tagi, færir um að greina skoðanir, setja fram tilgátur og ályktanir ásamt því að glíma við eigin fordóma og lífsviðhorf á grundvelli eigin reynslu.

---

## Hljóð- og vídeóvinnsla

**Tímamagn:** Tvær kennslustundir á viku hálfan veturinn

**Lýsing:** Námskeiðið er hugsað fyrir byrjendur í hljóð- og vídeóvinnslu. Aðaláherlsan verður lögð á að kenna nemendum á forritin Audacity, MovieMaker og Picasa.

### Markmið að nemandi:

- kynnist undirstöðuatriðum hljóð- og vídeóvinnslu
- þjálfist í að klippa vídeó
- þjálfist í að vinna með hljóð
- þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum
- 

### Kennsluaðferðir:

Áhersla verður lögð á eins fjölbreyttar kennsluaðferðir og viðfangsefni hvers tíma leyfir. Þær aðferðir sem helst henta kennslu upplýsingatækni eru:

**Sýnikennsla** - Markmið aðferðarinnar er að nemendur læri ákveðin vinnubrögð eða aðferðir með því að endurtaka það sem var sýnt. Verklegr kennsla og þjálfun.

**Verklegrar æfingar** - Markmið aðferðarinnar er að nemendur þjálfist sjálfstæð vinnubrögð, þroski skapandi hugsun, efli leikni í viðkomandi grein, móti jákvætt viðhorf, gangi vel um, hafi reiðu á hlutunum

### Námsefni:

Audacity, MovieMaker og Picasa og verkefni frá kennara.

### Námsmat:

Sjálfstæði/frumkvæði, frágangur, ástundun og virkni.

---

**Íslenskar-glæpasögur**

Lesin verður bókin *Ég man þig* eftir Yrsu Sigurðardóttur.

**Ég man þig**

Fyrst kynnumst við parinu Katrínu og Garðari og vinkonu þeirra Líf, sem er nýorðin ekkja. Þau fara að vetri til á Hesteyri á Vestfjörðum. Þau kaupa yfirgefið hús sem þau ætla sér að breyta í gistiheimili. Þar á enginn að búa eða vera en þau komast fljótt að því að þau eru ekki þau einu sem eru stödd þar.

Seinna kynnumst við Frey. Hann er fráskilinn geðlæknir sem fluttist til Ísafjarðar eftir sporlaust hvarf sonar síns. Freyr hjálpar til við rannsókn lögreglu á sjálfsmorði eldri konu og fléttast hvarf sonar hans inn í þá rannsókn. Það hjálpar honum að komast að því hvað varð um son hans.

Í lokin fléttast umhverfin saman sem tengir svo allar atburðarásir bókarinnar saman.

Gerð verða nokkur verkefni úr sögunni og að lokum horft á myndina.

Tímamagn 1-2 tímar á viku. Ein önn.

**Íþróttافرæði**

